

Brim hf.
Norðurgarði 1
101 Reykjavík

14. ágúst 2025
UOS2501392/F.Æ.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 23. júní 2025 – ID 81

Þann 23. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Brims hf. Akranesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fjögur eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Styrkur svifefna í frárennslismælingu árið 2022 var yfir leyfilegum mörkum.
2. Saltpéturssýra og sóði eru geymd í sama rými nálægt opnu niðurfalli.
3. Niðurgrafnar olíulagnir hafa ekki verið þrýstiprófaðar síðan árið 2015.
Lagnirnar voru þrýstiprófaðar árið 2021 og er frávikinu því lokað.
4. Grænu bókhaldi ársins 2023 sem átti að skila fyrir 1. maí 2024 hefur ekki verið skilað.
Grænu bókhaldi ársins 2023 var skilað þann 2. apríl 2025 og er frávikinu því lokað.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu:

1. Betur þarf að tryggja, t.d. með lekabyttum eða þröskuldi, að efni sem eru geymd í efnageymslu berist ekki í niðurfall ef óhapp verður.

Fimm frávik komu fram í eftirlitinu:

1. Þykkt botna og neðsta umfars olíugeyma rekstraraðila hefur ekki verið mæld.
2. Umhverfisupplýsingum ársins 2024 var ekki skilað á tilskildum tíma.
Upplýsingunum var skilað þann 20. maí 2025 og er frávikinu því lokað.
3. Niðurstöðum frárennslismælinga ársins 2024 var ekki skilað í samræmi við ákvæði starfsleyfis.
4. Sýni úr frárennslisvatni sem voru tekin 29. til 30. apríl 2024 stóðust ekki þær kröfur sem eru gerðar í starfsleyfi.

5. Niðurstöður lekaeftirlits á heygðum olíugeymum fylgdu ekki öðrum skráningum sem skilað var vegna ársins 2024.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 4. september 2025.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson

Sérfræðingur, teymi eftirlits

María Svavarsdóttir

Sérfræðingur, teymi eftirlits